

REGLUGERÐ

um verkun og útflutning á skreið.

131

4. des.

1. gr.

Öll skreið (hvers konar hertur fiskur), sem flutt er til útlanda frá höfn-um hér á landi, skal metin og flokkuð eftir gæðum af löggiltum matsmönnum og skulu vottorð um mat og tegundir rituð aftan á farmskírteinin með fiskinum.

2. gr.

Skreiðarmatsstjóri skipaður af atvinnuáráðherra, hefir umsjón og eftirlit með verkun og mati á skreið sem ælluð er til útflutnings.

Laun skreiðarmatsstjóra greiðast úr ríkissjóði, en þangað til fjárveiting er fyrir þeim í fjárlögum greiðast þau úr fiskimálasjóði. Ráðherra ákveður starfs- svið hans með erindisbréfi.

Skreiðarmatsstjóri skal undirrita eiðstaf um að hann vilji hlíta ákvæðum þeim, sem sett eru eða sett kunna að verða um starf hans og með alúð og kostgæfni rækja skyldur þær, sem á honum hvíla í stöðu hans.

3. gr.

Lögreglustjóri skipar matsmenn eftir tillögum skreiðarmatsstjóra á þeim stöðum, þar sem skreiðarmatsstjóri telur þess þörf, og skulu þeir valdir meðal löggiltra fiskimatsmanna, þar sem því verður við komið. Matsmenn mega ekki vera í þjónustu þeirra, sem þeir meta skreið fyrir.

Skreiðarmatsmenn skulu, áður en þeir taka til starfa, undirrita um starfsemi sína eiðstaf, sem atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið stílar þeim.

Matsmenn skulu kynna sér rækilega hvernig skreið eigi að vera að verkun, útliti og stærð fyrir hvern markaðsstað, og haga mati sínu eftir því, enda fari þeir í starfi sínu að öllu eftir fyrirmælum skreiðarmatsstjóra og leiti aðstoðar hans og úrskurðar, séu þeir í vafa um einhver atriði að því er snertir mat eða umbúðir skreiðar. Þeir eiga að framkvæma matið að öllu leyti eftir fyrirmælum og leiðbeiningum skreiðarmatsstjóra og skulu þeir jafnan hafa það hugfast, að vanda til matsins eftir því, sem frekast er unnt, svo álit íslenzkrar skreiðar í neyzlu- löndunum megi vera sem bezt.

4. gr.

Sýni matsmaður óafsakanlegt kæruleysi eða ónákvæmni í starfi sínu, eða sé hann ekki starfinu vaxinn, getur skreiðarmatsstjóri svipt hann því fyrirvara- laust. Auk þess ber hann ábyrgð á tjóni því, sem hann visvitandi eða af vitaverðu hirðuleysi verður valdur að. Sama er um skreiðarmatsstjóra verði honum af sömu ástæðu gefin sök á tjóninu.

132

4. des.

Matsmönnum ber sama þóknun fyrir starf sitt eins og kaup og ferðakostnaður fiskimatsmanna er ákveðinn á hverjum tíma. Kaup og ferðakostnaður matsmanna greiðist af þeim, er matsins beiðist, enda gefi matsmenn ekki útflutningsvottorð fyrir fiskinn, fyr en það er greitt.

Ósamkomulag út af kaupkröfu matsmanna úrskurðast af skreiðarmatsstjóra.

5. gr.

Ekki má flytja út skreið nema hún sé fullþur að dómi matsmanna.

7. gr.

Enga skreið má senda til útlanda í lausum hlöðum eða lauslega bundna.

Við þökkunina skal nota þar til gerðar hand- eða vélapressur, til þess að þjappa fiskinum saman. Um pakkana skulu strengdir 3 vírstrengir, en þó má nota 2 strengi á pakka, sem ekki eru yfir 25 kg.

Skreið, sem á að fara til Afriku, á að vera sérstaklega fast þjappað saman.

8. gr.

Utan um pakka, sem eiga að fara til Ítalíu, Afriku eða Ameríku, skal sauma umbúðastriga, ekki óstyrkari en 7 oz. Striginn sem notaður er utan um pakkana þarf að vera 76 cm. breiður, nema utan um löngu og stórupsa 85 cm. breiður, en fyrir endana skal saumað með 52 cm. breiðum strigapjötlum. Strigann á að sauma þétt og laglega utan um pakkana.

9. gr.

Merkja skal pakkana með 3 cm. háum gúmmístimplum, en séu þeir ekki til, má þó merkja gegn um málmplötur, og eiga stafirnir á þeim að vera 3 cm. á hæð. Merkin skulu sett á umbúðirnar áður en þær eru látnar utan um pakkana.

Allir pakkar eiga að vera greinilega merktir, og ef út af þessu ber, getur matsmaður stöðvað sendinguna, þangað til skipt hefir verið um umbúðir og merking bætt.

10. gr.

Á annan enda pakkans skal setja merki móttakanda, ákvörðunarstað og tegundarmerki. Á hinum endanum skal standa: "Produce of Iceland" og einkennisstafir eða tölur framleiðandans. Þessi merki eiga að vera á öllum þökkum, sem strigi er saumaður um.

11. gr.

Skreið má ekki skipa út í rigningu og ekki má geyma pakkana þar sem væta kemst að þeim.

12. gr.

Fiskimálanefnd ákveður umdæmi matsmanna. Matsmönnum er skylt að fara út fyrir umdæmi sín, ef þörf krefur og skreiðarmatsstjóri óskar þess.

131

4. des.

13. gr.

Hafi matsmaður grun um, að vörur, sem orsakað geta skemmdir á skreið, séu fluttar út með sama skipi, skal hann sjá um, að fiskinum verði komið þannig fyrir í farmrúmum skipsins, að honum stafi ekki hætta af slíkum vörum, enda skal hann stöðva útflutning, ef ekki fæst úr þessu bætt.

14. gr.

Fiskimálanefnd sér um að prentuð verði sérstök farmskírteini fyrir metna skreið og séu þau jafnan til á útflutningsstöðum.

Farmskírteini þessi skulu prentuð bæði á íslenzku og ensku og ber fiskimálanefnd ábyrgð á að þýðing textans sé rétt.

15. gr.

Skreiðarmatsstjóri undirskrifar öll farmskírteini fyrir útflutta skreið. Þó getur hann gefið matsmönnum á staðnum umboð til þess að skrifa undir fyrir sína hönd, þegar hann getur ekki komið því við að gera það sjálfur.

16. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10000 krónum.

Fara skal með mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 92, 3. maí 1935, um meðferð, verkun og útflutning á sjávarafurðum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 4. desember 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.